

Orð úr máli síldarfólks

Ábreiður. „Þar sem ekki er hægt að hafa opnar síldartunnur í húsi, þurfa að vera til nægar ábreiður til að verja síldina fyrir sól, vindi og vatni. Þær eiga að vera þéttar og ljósar á lit, svo þær hitni minna í sólskini.“ (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 17). Sjá yfirbreiðslur.

Álöggun var það kallað að laga síldina í efstu lögum tunnunnar og taka af umfram síld áður en tunnunni var lokað (Magnús Vagnsson, bls. 102). „Við álögunina eru teknar þær síldar úr hverri tunnu, sem ekki komast undir botninn.“ (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 64). Oft þurfti að taka upp 2-3 lög úr tunnunni og leggja þau á ný og síldin í efsta laginu var lögð þannig að dökkblátt bakið sneri upp, var það kallað spegillag (ÖK). Sjá spegillag.

Ápakka. Að bæta síld ofan á í síldartunnu; ápökkun, vinnan við að bæta ofan á í síldartunnu. Einnig var talað um að pakka, pakka á og ápakkingu um þetta sama. Þegar síld var metin til útflutnings lét matsmaður opna ákveðinn fjölda tunna frá hverri söltun (hverju partyi) og vigta síldina. Ef meðaltalið reyndist t.d. 2 kg minna en vera átti af góðri síld lét hann bæta 2 kg ofan á hverja tunnu í „partíinu.“ (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Ápakking. Sjá ápakka.

Ápökkun. „Fylling tunnu (t.d. síldartunnu þegar farið er að síga í henni).“ (Íslensk orðabók, 2007: 48). Sjá ápakka.

Áta. 1 Dýrasvif, ljósáta og rauðáta sem síldin nærast á, áta í sjónum. 2 innihald fiskimaga. 3 átusár á höndum. Um átu á höndum síldarstúlkna: skoða bókina Brauðstrit og barátta, 2. bindi bls. 454.

Beykir, tunnusmiður. Erlendra beykja á Íslandi er fyrst getið á 17. öld og er álitid að þeir hafi fyrst komið með einokunarkaupmönnum. Þeir munu flestir hafa verið danskir, en íslendingar fóru fljótlega að læra iðnina. Meðal nafnkenndra íslenskra beykja má nefna skáldin Sigurð Breiðfjörð og Jón Magnússon. Gerðar voru strangar kröfur um efnisþekkingu og verkkunnáttu beykjanna. Beykjastéttin á Íslandi varð aldrei mjög fjölmenn, enda var lítið um nýsmíði. Fyrst og fremst var um að ræða samsetningu og frágang á tunnum. Líklega hefur beykjarastéttin verið stærst um 1930, en þá voru samkvæmt manntali 117 sjálfstæðir beykjar, sveinar og nemar í iðninni (Benedikt Sigurðsson. Samtíningur um tunnusmíðar á Íslandi). Snorri Pálsson verslunarstjóri réð hingað útlærðan danskan beyki frá Kaupmannahöfn. Sá hét A.C. Sæby (Ingólfur Kristjánsson, 1988: 510).

Beykisskúr. Beykjar höfðu stundum aðstöðu í beykisskúr. Þar höfðu þeir verkfærin sín og gátu unnið í næði (Páll Helgason, 26. febrúar 2010).

Bjóð. Kassi sem stóð á kybbi eða á fjórum fótum. Bjóðið var til þess að vöðla síld í upp úr fínsalti eða kryddi. Í öðrum endanum er hæfilega stórt hólfi fyrir saltið eða kryddið, til þess að þurrefnin vöknudist ekki og útbíudust af blóði eða hreistri. Ef ekki var hólfi í bjóðum voru stundum notaðir sérstakir kassar undir vöðlunarefnið og þeir hafðir við hlið bjóðsins. Ef

þurrefnin urðu vot og klesst var óhæft að velta úr því og þá var sagt: „það hrín ekki á síldinni“ (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 16). Áður en fætur voru settir á síldarbjóðin voru þau látin standa á tómri tunnu og mokað í þau síldinni, og svo var kverkað úr bjóðunum og lagt niður í tunnuna (Ingólfur Kristjánsson, 1988: 514). Björn Þórðarson smíðaði fyrstu bjóðin með fótum 1947. Bjóðið var hæfilega stórt og tók sama magn og ein síldartunna (hljóðritað viðtal ÖK við Björn Þórðarson 1993).

Blóðþækill. Fyrsti þækillinn sem myndast í tunnunni eftir söltun. Mikilvægt var að hann héldist í sömu tunnuna og hann varð til í (Athuga betur Hannes Baldvinsson).

Blöndunarbjóð, kryddbjóð. Þetta var trékassi opinn í annann endann, stóð á grind, festur við hana með hjörum. Hvolft var úr bjóðinu ofan í *saltkassa* og hann borinn til síldarstúlkanna. Notað til þess að blanda saman salti og sykri, salti og kryddi, ásamt saltpétrum.

Botn. Hver síldartunna á tvo botna, efri- og neðribotn. (Hann var aldrei kallaður hlemmur eða lok amk. norðanlands).

Botnajárn (botnatrekkjari). Meðal áhalda sem dixilmenn notuðu við að ná botnunum upp úr lögginni þegar búið var að slá botngjörðina af. U.þ.b. 35 sm langur járnsválfur, flatur í annan endann og með bugðu. Til að reka milli botns og laggar og þvinga botninn upp.

Botnamerki. Hringlaga messingplata með „skapalóns“stöfum og öðrum formum til að merkja tunnubotna. „Vörumerki íslenskra saltenda eru oftast nær bókstafir, fangamörk eða full nöfn. Fangamörkin eru oftast samansett af of litlum stöfum, ógreinileg og lítið einkennandi. Sum merki með fullu nafni eru góð, en nöfnin og merkin þurfa að vera þannig, að kaupendurnir geti fest sér þau í minni. Glöggar myndir eru beztu vörumerkin, en þær eiga að vera svo stórar og greinilegar, að þær skiljist strax, og sérkennilegar, svo þær munist.“ (Magnús Vagnsson, bls. 96). Þannig munu botnamerki hafa þróast eftir að M.V. skrifaði þetta (ÖK). Auk merkis saltenda voru aðrar upplýsingar. Á efribotni t.d. söltunardagur, verkunaraðferð. Á neðribotni var gjarnan merki kaupanda, t.d. „Abba“ eða „Richter“ (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson 2011). Abba – Aktige Bolaget Brödrene Ameln (Hinrik Aðalsteinsson)

Botnlag - neðsta síldarlagið í tunnunni. Botnlagið á að vera eins gallalaust og fallegt og spegil-lagið (efst í tunnunni). Ekki er þó þar með gefið í skyn, að önnur lög í tunnunni megi vera gölluð. Botnlagið og efsta lagið eiga að vera betri en önnur lög (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 55). Stúlkunum var bannað að leggja ofan á botnlagið, fyrir en eftirlitsmaðurinn (ragarinn) hafði skoðað lagið. Sjá spegillag.

Brakki, brakke á norsku. Brakkar, síldarbrakkar, voru upphaflega einföld, stór hús með sumaríbúðum fyrir síldarverkunarfolk: Brakkanafnið hélst þótt húsnæðið væri notað til íbúðar allt árið. Orðið braggi um hermanskála er eflaust af sömu rót og brakki og notað um „bráðbirgðahús“, annaðhvort komið úr dönsku eða ummyndað sökum linmælis. Upphaflega bráðabirgðaskýli, svefnskáli, t.d. skýli sem hermenn komu upp úr tiltækum efnum. Barak, barakke, baracca, barraco og fleiri lík orð finnast í erlendum málum, upphaflega af barro = leir. (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). Brakkaorðið var einvörðungu notað á Siglufirði fram yfir 1940 en um og eftir 1960 lifði það einungis á vörum gamla fólksins. „Ég man hvað okkur þótti það einkennilegt og óþægilegt þegar aðkomufólkið fór að nota braggaorð á stríðsárunum,“ sagði Karólína (Eyþórsdóttir?) d. 2012. (ÖK)

Bússur, klofstígvél, vöðlur. Klofhá stígvél sem brotin voru niður. Notuð af sjómönnum einnig nokkuð í síldarvinnu á plönum og í þróm verksmiðjanna.

Cut-síld. Grófsöltuð síld þar sem hvorki var bætt í sykri eða kryddi. Samheiti við Rússa-síld. Hausskorin, grófsöltuð síld (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson 2011). Sjá Rússa-síld.

Demantssíld. Stærsta síldin sem orðin var hvað feitust síðsumars og alltaf talin best og dýrmætust til söltunar.

Dixill. Botnhamar, botnaöxi, beyksiöxi. Diksel á norsku; skylt orðum eins og dæksel, deksel, deichsel, sem þýða lok eða þekja. Trúlega rótskylt síðasttalda orðinu. Reynt hefur verið að íslenska orðið með þeksla eða þexla (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). Bandadixill = lítill, nettur dixill á svigabönd, notaður á tunnur áður en járngjarðir tóku við af svigaböndum. Gjarðadixill var notaður á járngjarðir og var mun þyngri en bandadixill (ÖK). Dixlar voru misstórir og misþungir. Uppsláttardixlar voru almennt léttari en tilsláttardixill. Lögum blaðsins gat verið með ýmsum hætti (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson 2011). Sjá nánar í skráningu Síldarminjasafnsins.

Dixilmaður. Maður sem vann aðallega við að slá upp og slá til tunnur og gera við t.d. skipta um brotinn staf í tunnu. Meðal áhaldna sem dixilmenn notuðu voru bandadrífholt (svigadrífholt), gjarðadrífholt, bandadixill, gjarðadixill, botnahnífur (hóffjárn, tveggjahandajárn), botnabekkur, botnahefill, botnajárn (botnatrekkjari), laggajárn (laggahefill), snarvöndull, sponsarýmari, gjarðarþvingur, stafamál og stafahefill. – Þessi orð og fleiri eru úr fagmáli beykja og ekki bundin síldarverkun sérstaklega (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Drífholt. Bandadrífholt (svigadrífholt), gjarðadrífholt. Drífholt er gamalt verkfæri og var notað við tunnusmíði og ennfremur alla vinnu við trétunnur. Drífholtið hefur vart verið notað nema með díxli - og þannig hefur það verið um aldir. Neðsta hluta drífholtsins er haldið að tunnugjörðinni (ofan á gjarðarröðinni) og barið á með díxlinum. Þannig eru gjarðirnar reknar þétt að stöfum tunnunnar eftir að botninn er settur í hana - tunnunni lokað um leið og gjarðirnar eru reknar niður þá þéttist tunnan svo ekki læki. Talað var um að drífa síldartunnu og að herða gjörð að stöfum. Einnig nefnt gjarðadrífholt. Drífholt er tökuorð úr norsku, drivholt (sbr. Benedikt Sigurðsson - Orð úr máli síldarfólks). Hollenska: Treifel.

Efribotn. Sjá tunnubotn.

Eftirlitsmaður. Sjá ragari.

Endagjörð. Sjá tunnugjörð.

Félagssöltun var það kallað þegar skipin komu inn með litla slatta og saltað var upp í partí sem ekki hafði tekist að klára. Gengu þá stúlkurnar að því í sameiningu að hausskera síldina, þvo hana í vatnskari og salta og leggja niður. Síðan voru tunnurnar taldar og þeim deilt jafnt á stúlkurnar. Félagssöltunin var ekki vinsæl meðal þeirra fljótustu og kappsömustu sem vanar voru því að vera á tvöfalt hærri launum en þær miður duglegu (hlóðritað viðtal ÖK við Dórotheu Jónsdóttur 1993). Sjá lag.

Fiskipökkun. Fiskepakning á norsku. Síldartunna með því síldarmagni sem komst í hana þegar síldin var söltuð skömmu eftir að hún var veidd (fisked, „fiskuð“), var sögð fiskipökkuð. Við söltun og geymslu slaknaði síldin og þá var gjarnan pakkað á fiskipökkuðu tunnuna, sbr. ápökkun, til að ná ákveðnum þunga innihalds. Til er orðið frumpökkun, sem líklega er sama og fiskipökkun (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Fituvog. Notuð við fitumælingu á fersksíld. Fituvog var til á hverri söltunarstöð. „Í stað lóðs á venjulegum vogum er skál á fituvoginni og í hana látin högl þegar fitumælt er. Nauðsynlegt er að voginni fylgi þrjár mismunandi stærðir af höglum, til þess að náð verði fullri nákvæmni.“ Teknar voru 16 síldir, hausskornar og slægðar, sundmaginn fjarlægður og þess gætt að engin laus fita sé í kviðarholinu. Síðan var síldunum 16 skipt í fjögur köst og valdar saman fjórar síldir, sem líkastar voru í útliti, þykkt og lit á kviðarholi. Síldirnar fjórar voru svo kippaðar saman með fínu garni. Hver kippa var fitumæld. Fitumæling á flotvog byggðist á því að fita (lýsi) flýtur á vatni (Haraldur Gunnlaugsson. *Leiðbeiningar við síldarsöltun*, bls. 36-37).

Flaut. Ræs. Stúlkunum í bænum gert viðvart um að síld væri komin á planið, með því að síldarskipin, sem oftast voru gufubátar, flautuðu ákveðið flaut, t.d. fjögur flaut hjá Wedin, en tvö flaut hjá Roald (Ingólfur Kristjánsson, 1988: 514-515). Eldeyjar-Hjalti (Hjalti Jónsson) spilaði upphafsstefið á laginu Eldgamla Ísafold á gufluflautur á sínu skipi þegar hann kom með síld til söltunar hjá Íslandsfélagsplaninu (viðtal við Halldór Þorleifsson sem Guðlaugur Henriksson tók um 1980). Dóróthea Sigurlaug Jónsdóttir, sem var að vinna á Roaldsplaninu, segir orðrétt: „Við vorum ekki ræstar. Það [skip] sem var við ystu bryggjuna það flautaði eitt stórt og eitt smátt. Ég var ráðin á þeirri bryggju og varð að gegna því. Og svo á næstu eitt langt og tvö stutt. Og á þriðju bryggjunni eitt langt og þrjú stutt.“ (Viðtal Örlygs Kristfinnssonar við Theu 13. nóvember 1993).

Flött síld. Ekki mikið framleidd, en tölvuerðar tilraunir voru gerðar með hana (Magnús Vagnsson, bls. 118).

Gjörð. Sjá tunnugjörð.

Gull Íslands. Síldin var kölluð gull Íslands vegna þess hve mjög þjóðarbúið hagnaðist á henni.

Hafsíld. Stórsíld.

Háfa = have á norsku, hav, haaf á skyldum málum. Að taka síld eða annan fisk í netpoka eða netkörfu. Sjá háfur. Trúlega skylt sögninni að hefja = lyfta (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Háfur. Nokkurskonar „netskófla“ til að moka síld varlega um borð í skipum til söltunar.

Háls, hálsband, kútband – sjá reknet (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Heiltunna. 100 lítra, (120 kíló með síld salti og þækli) trétunna til síldarsöltunar. Sjá strokkur.

Hessiur. Hessían tjöld á háum grindum áttu að vera á öllum geymslustæðum til að verja síldina fyrir hita (Leó Jónsson). Sjá yfirbreiðslur. Hersínastrigi?

Kjölsalta, kjölsöltun. Að kjölsalta var það kallað þegar hver branda í skipinu fór til söltunar - allt niður á kjöl skipsins (ÖK hafði eftir sjómanni).

Klippur. Sjá síldarklippur.

Kryddsíld. Síld söltuð með kryddblöndu, oft frá kaupanda (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, 2011).

Kverkun. Að kverka. Aðferð við síldarsöltun. Skorið var v-laga skarð í kverk síldarinnar, neðan við tálknin, með kverkunarhníf eða síldarklippum (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). Sjá nákvæma lýsingu á kverkun í skráningu um síldarklippur.

Kverktöng. Kverkunartöng. Sjá síldarklippur.

Kverkklippur. Sjá síldarklippur.

Kverkskæri. Sjá síldarklippur.

Kverkunarhnífur. Hnífur sem notaður var við kverkun síldarinnar. Sjá kverkun.

Kybbi – eins konar kubbsígildi. Upphaflega dregið af kubbur. Notað um grindarstóla sem settir voru undir síldarkassa og síldarstampa til upphækkunar (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). „Stólar undir bjóð og saltkassa, og eins kybbi undir stampa þurfa fyrst og fremst að vera stöðug og serk, án þess að vera of þung, hæfilega há, (efri rönd bjóðs í vinnuborðshæð, efri rönd stamps nokkrum þuml. lægri en tunnubarmur) og bezt til frambúðar úr hefluðum við og máluð.“ (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 17).

Kúfsöltun – að kúfsalta – kúfasíld – kúfatunnur – kúfur. Þekktist áður en tunnuhringir voru teknir til notkunar. Það var saltaður kúfur sem var álíka magn og giskað var á að síldin myndi síga í tunnunni. Yfir þennan kúf var breidd ferköntuð strigapjatla, hornum hennar troðið niður með lögginni – til að halda kúfnum. Síðan fann einhver snjall maður upp á því að smeygja hringjum ofan á og það var sléttsaltað í þá, reiknað með því að það færu í þetta þrjú lög (Hannes Baldvinsson, 6. október 2009).

Körfur. Síldarkarfa, löndunarkarfa. Síldinni var fyrst mokað í körfur um borð, síðan hellt úr þeim í kerruna, og þegar kerran er komin að síldarkassanum, er annar endinn látinn falla á kassabarminn og rann þá síldin í þungri skriðu ofan í einn stað í kassanum og varð þá oft að moka henni hingað og þangað um kassann (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 14). Einnig þekktist að körfunum væri ekið í vögnum frá skipunum og síðan hvolfi úr körfunum í kassaröðina (Ingólfur Kristjánsson, 1988: 516). Svona bastkörfur voru mikið notaðar við löndun fisks í breskum höfnum (ÖK).

Lag = gengi, vinnuhópur. Sbr. að vera tvær í lagi (to i lag á norsku). T.d. tvær eða tvennt saman um að salta í eina síldartunnu. „Tvær í lagi!“ kallaði verkstjóri þegar lítið var orðið eftir í síldarkössunum. Þá áttu tvær að skera og leggja saman í tunnu. Lag í þessari eða líkri merkingu kemur t.d. fyrir í orðinu félag og nótaglag, leggja lag sitt við o.fl., og orðum eins og lagsmaður, lagsbróðir o.fl. Eflaust komið úr norsku eða dönsku, „i lag med.“ (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). Þegar það voru tvær eða fleiri í lagi var talað um félagssöltun (tvær eða fleiri í félagi) en þegar það var ein í lagi var það sérsöltun (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 40-41).

Laggari. Sama og beykir. Lítið notað af síldarverkunarfólki (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Leggja niður. Raða síld í tunnu eftir ákveðnu kerfi, t.d. þrjár síldar í röð, strjúpi tveggja við staf tunnunnar (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, 2011). Sjá tvísett lag.

Lassaróni. Róni. „Reiðurum og skipstjórum norsku skipanna gekk illa að manna síldarskipin til Íslandsveiða og urðu oft að taka á skip sín menn, sem lítill dugur var í. Og svo þegar skipin komu til Siglufjarðar, þá stukku þessir menn, sem voru nefndir lassarónar, af skipunum og flæktust hér í landi og seldu af sér yfirhafnir, tréskóstígvél og olúkápur, og sváfu svo undir herpinótabátum, er lágu á hvolfi upp á malarkambinum, eða í fjárhúsum og hlöðum. Þeir voru slarkgefnir og drykkfelldir og létu öllum illum látum.“ (Ingólfur Kristjánsson, 1988: 515). Samkvæmt Íslenskri orðsifjabók merkir orðið róni, flækingur, drykkfelldur auðnuleysingi. Lassaróni er tökuorð úr dönsku lazaron, sem merkir töttralegur flækingur. En þangað er orðið komið úr ítölsku lazaroni, sem merkti holdsveikur maður. Það er aftur sótt til Lasarusar sem segir frá í Biblíunni (Íslensk orðsifjabók 1989: 546). Orðið lassaróni var talsvert notað á síðari hluta 19. aldar og fram eftir þeirri 20. en heyrir sjaldan nú. Orðin barón sem merkir aðalsmaður og lassaróni hafa því hjálpað til við myndun orðsins baróni sem síðar styttist í róni (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, 2011).

Lesta = laste á norsku og dönsku, hlaða skip, setja vörur í skipalestir (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks) Sjá losa.

Lok, tunnulok. Sama og „efri botn“, sem langflest síldarfólk nefndi svo. Á sumum tegundum tunna var munur á tunnubotni og tunnuloki og umbúnaði þeirra. Á algengustu tegundum síldartunna var munurinn þó lítill eða enginn, og nefndu sumir þá lokið sem sett var í tunnuna þegar henni var lokað einfaldlega bara efri botn (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Losa = skipa upp, afferma, „losse.“ Sbr. nafnið *Losun og lestun*, félag hafnarverkamanna á Siglufirði (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). Árið 1929 stofnuðu 15-20 verkamenn formlegan félagsskap er nefndist Losunar- og lestunarfélag Siglufjarðar, yfirleitt kallað Losun og lestun. Tilgangurinn með félaginu var að samræma kauptaxta þeirra sem við þetta störfuðu (Benedikt Sigurðsson, 1990: 214-215).

Lyftihakar. Sjá lyftikrókar.

Lyftikrókar. Krókar með þverhandföngum, sérstaklega gerðir til að krækja á tunnulaggir og nota við lyftingu og hleðslu á fullum síldartunnum í tvö eða þrjú lög. Lyftihakar mun vera annað nafn á þessu áhaldi (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). „Krókar til að lyfta tunnum upp í annað lag eru margskonar, flestir lítið sparandi og sumir hættulegir. En til eru ágætis lyftikrókar, sem létta vinnuna og eru hættulausir. Þessi áhöld hafa verið kölluð Sigurjónskrókar, kenndir við Sigurjón járnsmið á Siglufirði, en hann smíðaði þá fyrstur hér á landi.“ (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvegunarmanna, bls. 19).

Lögg. Gróp í tunnustöfum, oftast v-laga, sem botnar voru felldir í. Laggir á íslenskum tunnum sem hagir menn smíðuðu til heimilisnota fyrr á öldum voru þó oftast réttlyndar; af lögum þeirra var dregið nafnið á eyrnarmarkinu lögg. Orðið lögg var einnig notað um enda tunnustafa sem ganga út fyrir botnana, og ennfremur um hornið milli botns og stafs í tunnu, og um innihald íláts sem lítið var í (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Löndunarvagn. Vagn á hjólum eða á spori (sjá sporvagn).

Löndunartæki. Kerrur sem taka 2-3 tunnur voru algengastar. Kerrukassinn var hafður í axlar hæð svo auðveldara væri að losa úr þeim í síldarkassana (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 14).

Matsmaður. Matsmaður með tilskylda þekkingu og kunnáttu var skipaður af og vann hjá Síldarmati ríkisins. Hans starf var að leggja faglegt mat á hvort síld væri hæf til söltunar eða ekki og segja fyrir um verkunina. Hlutverk matsmanns var að meta síldina á meðan hún var að verkast. Ragari starfaði á hverju plani og hans starf var að leggja mat á verklagið á hverri stöð, saltskammtana o.s.frv. (Hannes Baldvinsson, 2012). Sjá ragari. Það var fyrst árið 1909 sem sett voru lög um mat á síld og matsmenn skipaðir (Haraldur Gunnlaugsson. *Leiðbeiningar við síldarsöltun*, bls. 4). Eftir að lögin voru sett var óheimilt að salta síld nema að fengnu samþykki matsmanns. Til að öðlast réttindi sem matsmaður varð viðkomandi að hafa sótt námskeið og standast próf hjá Síldarmati Ríkisins (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, 2011). Launataxti matsmanna var yfirleitt áþekkur taxa beykja (Benedikt Sigurðsson, 1990: 314-318).

Máltunna. Sjá strokkur.

Matjessíld. Matjessöltun á síld var mjög algeng um skeið. Þá var síldin flokkuð í stórsíld og smásíld í sinn hvorn stampinn. Saltskammturinn var tiltölulega lítill eða 10-12 kg á móti um 17 kg í vanalegri söltun. Stór og feit síldin var kverkuð og lögð vandlega niður og fyrst stráð salti í tunnuna eftir þriðja lag frá botni. Þessi söltun byggðist á mikilli vandvirkni við niðurlagningu og söltun síldarinnar (Hljóðritað viðtal ÖK við Dórotheu Jónsdóttur 1993). „Hér á landi hefir öll slógdregin síld verið kölluð matjessíld. Sérstaklega hefir nafnið verið notað, hafi síldin verið lögð niður líkt og ætlast er til um matjes.“ (Magnús Vagnsson, bls. 89). Magnús segir að almennar kröfur kaupanda til matjessíldar séu þessar: „Að síldin sé feit, fallega löguð, hafi óþroskuð eða mjög lítið þroskuð getnaðarfæri (svil og hrogn)...“ Enn fremur átti hún að hafa þunnt roð, vera lítið söltuð, mjúk en fjaðurmögnuð og svo laus í sér að hún bráðnaði í munni þannig að ekki þurfti að tyggja hana (Magnús Vagnsson, bls. 90). Þessi verkun lagðist af á seinni stríðs árunum en þá datt markaðurinn niður fyrir matjessíld. Margir eldri menn töluðu um hversu þessi verkun var erfið og viðkvæm. Öll önnur verkun væri hreinasti barnaleikur. Það er augljóst hversu erfitt það hefur verið að eiga við þetta þegar tillit er tekið til þess hve saltið var lítið (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, 2011). Einnig var talað um það hversu erfiður tilslátturinn var en það var vegna þess að síldinni var þjappað í tunnurnar. Þekill mátti ekki sjást fyrir en í þriðja lagi. Útbúið var sérstakt áhald við að koma botnum í matjestunnur þegar verið var að slá til og var það kallað botnapressa. Beykjarnir þurftu jafnvel að standa ofan á botninum þegar þeir slógu til (Hannes Baldvinsson, 2012).

Neðri botn. Sjá tunnubotn.

Niðurlagning. Síldin var lögð niður í tunnurnar með sérstökum hætti. „Hnakkar séu lagðir þétt út að stöfum, reist hvert lag og þétt. Lögin eiga að vera slétt. Þau hallast, ef allar síldarnar í laginu eru ekki reistar jafn mikið. Salta ekki á botninn (tréð) nema sérstaklega sé um það beðið. Salta minna í neðstu lögin, salta mest um miðja tunnu og upp að hring. Athuga að strá saltinu jafnt yfir lögin. Þegar tunnan er full á bjóðið að vera tómt, þ.e. að hvorki sé eftir í því salt, eða síld.“ (Leiðbeiningar frá Síldarmati Ríkisins. Pappírar í eigu Hannesar Baldvinssonar).

Norðurlandshafsíld.

Norðurlandssíld.

Olíusvunta. (Benedikt Sigurðsson, 1989: 22). Sjá síldarsvunta.

Olíuermar. (Benedikt Sigurðsson, 1989: 22). Lausar ermar til að ljífa handleggju síldarstúlkna, gengu fram yfir hanska og lágu þett að þeim. Saumaðar ú lérefiti eða þunnum segldúk og olíuþornar. Borðin línolía, fernisolía á til að þetta dúkinn og verja gegn fúa. Síðar voru ermar gerðar ú gúmíduk.

Pakka, pakka á. Sjá ápakka.

Partí. Hver afmörkuð söltun, t.d. 100 tonn af kryddsíld fyrir einhvern síldarkaupanda í Svíþjóð eða 220 tonn af saltsíld fyrir Keskó, fyrirtæki í Finnlandi – þetta hétu partí.

Planformaður. Verkstjóri á síldarplani.

Platning. Sama og plan, síldarplan eða söltunarpallur. Platning er gamalt orð á Siglufirði sem ekki heyrir lengur nema á gömlum hljóðupptökum eins og t.d. þegar Halldór Þorleifsson frá Staðarhóli sagði Braga Magnússyni frá fyrstu síldarárunum, hljóðritað 1977. Einnig sést þetta einhvers staðar á prenti (Örlygur Kristfinnsson 2011).

Pækildæla. Pækillinn var yfirleitt lagaður í stórum körum og þegar síldartunnustæðurnar stóðu langt frá karinu þar sem pækillinn var geymdur þá var notast við dælur til að dæla pæklinum. Pæklinum var dælt upp í karið, sem var nokkru hærra en tunnustafllinn. Þá var krani á slöngunni sem notaður var til að fylla á tunnurnar. Þetta gat verið tvíeggjaður frágangur; það varð að skrúfa fyrir slönguna í hvert skipti sem búið var að pækla, ef það gleymdist fór mikið af pækli til spillis (Hannes Baldvinsson. 11. janúar 2010).

Pækilfata. Ef ekki voru notaðar slöngur til að flytja pækilinn úr pækilkörunum að tunnustæðunum voru notaðar sérstakar fötur með stút. Stuttir slöngubútar voru settir á stútinn á fötunum og slöngubúturnir voru settir í sponsgötin á tunnunum (Hannes Baldvinsson. 11. janúar 2010).

Pækilkar. Trékar sem pækil var lagaður í. „Í stærri geymsluhúsum er gott að hafa pækilkör uppi á bitum og leiða pækilinn um húsið, fyrst í pípum með krönum á hæfilegum stöðum, og þaðan í gúmmíslöngum til pæklunar.“ (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvegunarmanna, bls. 18). Pækilkör áttu að vera með loki yfir, svo ekki færi í þau óhreinindi.

Pækill. Sterkur saltlögur. Að pækla. Að fullpækla – það átti að pækla það mikið að þegar botninn þrýstist hæfilega á síldina við lokun átti að sjást vætla pækil upp á botninn, um leið og gjörðin var slegin á. Styrkleiki pækils var mældur með pækilmæli (sjá hér fyrir aftan). Pækill átti að vera fullsterkur eða fullmettaður 25° Við fyrstu pæklun var nokkuð algengt að láta 3-4 lítra af pækli á hverja tunnu eftir söltun (Magnús Vagnsson, 1939: 62-63).

Pækilmælir. Pækilmælar voru ýmist þýskir glermælar eða skoskir úr málm. Glermælarnir sýna fullsterkan pækil 25° en skosku mælarnir sama styrkleika 100%. Skosku mælarnir voru því með fjórum sinnum nákvæmari mælikvarða og þóttu því betri. „Hvorri tegundinni sem notuð er, á að

fylgja pjáturbox nægilega rúmt og djúpt, til þess að mæla pækil í því. Vatnsfötur eru óhentugar til þess, þær eru svo stórar, að illhægt er að fá nógan pækil úr einni matjestunnu til að fá flot fyrir pækilmælir.“ (Magnús Vagnsson, 1939: 78). Stundum var kartafla notuð til þess að mæla pækilinn, og hún látin fljóta í leginum (sbr. viðtal við Björn Þórðarson).

Pækilsalta. Að salta fisk með pækli (Íslensk orðabók, 2007: 768). Þetta orð var ekki notað um síldarsöltun.

Pækilsía.

Pækilslanga. Slanga sem notuð var til að flytja pækilinn úr pækilkörunum að tunnustæðunum. Þannig var auðvelt að leiða pækilinn víðs vegar um tunnustaflann. Þetta sparaði bæði mikla vinnu og pækil. Tunnunum var velt þannig að þær voru tapparéttar og fyllt var á þær með pækli. „Á enda slöngunnar er hafður fljótvirkur loki með stút, sem stungið er í sponsgötin. Þetta hefur verið reynt á Siglufirði og er talið að spara mikla vinnu og pækil.“ (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 18). „Pæklun með slöngum frá pækilkeri tíðkaðist ekki almennt fyrr en eftir 1950, og hefur Vigfús Friðjónsson líklega verið upphafsmaður að henni. Alltaf var þó eitthvað pæklað með fötum“ (Benedikt Sigurðsson, 1990: 457).

Pækilspaði. „Tréspaði, ekki ólíkur árarblaði í lögum, sem rekinn var niður milli tunnustafa og síldar þegar bætt var pækli í opnar síldartunnur. Ekki mikið notaður; tunnustafur kom að sömu notum ef honum var beitt með lagni svo hann rífi ekki síldina.“ (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). „Pækilspaði er ekki margbrotið áhald, en þó er heldur sjaldséður spaði, sem ekki er líklegur til að hrufna og skemma síldina. Spaðarnir eiga að vera þunnir (tunnustafskykt), slétt tegdir, horna-, stalla- og randalausir, og ætti að hafa nægar birgðir af þeim, svo ekki þurfi að þrifa til þess sem hendi er næst, þegar þeir fyrstu eru týndir.“ (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 19).

Pæklun. Að pækla. Þegar búið var að salta og loka tunnunni. Þá var farið að pækla, tappinn sleginn úr og bætt á hana pækli vikulega.

Pæklunaráhöld. Fötur og trektar voru talin bæði vinnufrek og fara ósparlega með pækilinn. Katlar og stútkönnur voru talin spara vinnu móts við trektarnar, en spilla meira af pækli (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna).

Ragari. Líklega afbökun úr norska orðinu vraker, sem þýðir matsmaður. Að raga síld þýddi að meta síldina, dæma hana hæfa eða miður hæfa til söltunar, ef um saltsíld var að ræða. Algengast var að síldin væri röguð niður, þ.e. meira eða minna af henni dæmt ónothæft. Þó voru dæmi um að síld væri röguð upp, og var það þá helst fólgið í því að síldarsaltandi sem vantaði síld til söltunar tæki síld sem annar var búinn að hafna. E.t.v. eingöngu eða aðallega notað sem gamanyrði (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). Það var ragari á hverju plani, stundum voru tveir á söltunarstöð. Hann var nokkurs konar eftirlitsmaður sem átti að fylgjast með því að rétt vinnubrögð væru viðhöfð við verkunina á síldinni. Það væri valin hæfileg stærð og ekki kastað frá of miklu. Konurnar fengu fyrirmæli um það ef síldin var orðin slöpp og kviðveik þá varð frákastið miklu meira. Á matjéstímanum stóðu konurnar oft í byngjum upp á mið læri, í hnéstígvélunum. Seinna var farið að fleyta slorinu frá með vatni og enn seinna komu rennur. Það var í hlutverk ragaranna að skoða tunnurnar hjá konunum og það var lögð mikil áhersla á það að neðsta lagið, sem blasti við þegar tunnan var opnuð, væri óaðfinnanlegt. Konurnar máttu ekki

halda áfram að leggja í tunnurnar fyrr en ragarinn var búin að samþykkja neðsta lagið. Þegar þær voru búnar að raða í botninn á tunnunni kölluðu þær „botn“ og þá kom ragarinn til þeirra. Það voru harðar kröfur um vönduð vinnubrögð (Hannes Baldvinsson, 6. október 2009).

Reiðari, skipsreiðari. „Útgerðarmaður skip(a)eigandi.“ (Íslensk orðabók, 2007, 782). Tökuorð úr norsku sbr. reder. Norska merkingin er útgerðarmaður, skipseigandi. En notkun orðsins hér á landi þróaðist í það að merkja umboðsmaður. Þetta voru umboðsmenn í landi sem sáu um að útvega það sem vantaði um borð, t.d. kost eða viðgerð á veiðarfærum. Það voru kallaðir skipsreiðarar. Það voru nokkrir siglfirðingar sem komu sem skólastrákar að þessu og unnu sem reiðarar og tóku að sér fjölda báta til að sjá um. T.d. Knútur Jónsson og Eyjólfur Konráð Jónsson, þeir unnu sem reiðarar. Þetta voru mest skrifstofustörf, símahringingar og svoleiðis. Bæði fyrir íslensku skipin og þau norsku. Reder á norsku (Hannes Baldvinsson, 6. október 2009).

Reisa tunnu. Að reisa tunnu. Að raða saman stöfum í heila tunnu, raða saman tunnustöfunum í hring, setja gjarðirnar á - eða gjarðarþvingu. (Einnig var talað um að reisa tunnur þegar vinna þurfti við sorteringu og áþökkun? (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, 2011).

Rundsöltuð síld – síld sem er söltuð „óbreytt“ upp úr sjónum og með öllum innýflum. Hún er lögð niður eins og saltsíld og þekluð strax (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna). Benedikt Sigurðsson talar um að „rúnnsalta“ í þessu sambandi. Um borð í skipum var t.d. aldrei kverkað heldur var saltað með haus og slógi (Benedikt Sigurðsson, 1990: 459). Björn Þórðarson talar einnig um að rúnnsalta. Hann segir að það hafi m.a. verið gert um borð á reknetabátunum (hljóðritað viðtal ÖK við Björn Þórðarson 1993). Stundum kom það fyrir þegar fólkið var orðið uppgefið, hendur þreyttar og bólgnar að farið var að salta síldina heila og óskorna. Þannig jukust afköstin til muna og góðu hráefni bjargað frá því að fara í ”gúanó”. Tunnurnar með heilsaltaðri síldinni voru geymdar uns bræla kom og upphald varð í veiðum og söltuninni. Þá voru þessar tunnur slegnar upp og síldin tekin og kverkuð eða hausuð og lögð endanlega niður til réttar verkunar og útflutnings (hljóðritað viðtal ÖK við Dóróteu Jónsdóttur 1993).

Rússasíld. Grófsöltuð síld á markað í Sovétríkjunum, sama og cut-síld (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson). Rússarnir voru þekktir fyrir það að vilja fylla tunnurnar meira en góðu hófi gengdi. Tunnur sem áttu að fara á Rússamarkað voru allt að 10 kílóum þyngri en annars tíðkaðist (Páll Helgason, 2012). Sjá cut-síld.

Ræs. Merki um að vakna eða halda af stað (Íslensk orðabók, 2007: 815). Sjá flaut. Ræs – síld! kölluðu ræsarnir til stúlnanna.

Ræsari, ræsir. Ræsari á Siglufirði en ræsir á Raufarhöfn (Viðtal Péturs Halldórssonar við Sigurjón Jóhannesson: <http://www.ruv.is/sarpurinn/vid-sjavarsiduna/26092011>). Starfsheiti þeirra sem sáu um að kalla (ræsa) síldarstúlkurnar til síldarvinnu. Þetta voru strákar á fermingar- og táningsaldri. Þeir þurftu bæði að vera liprir á fótinn og góðir hjólreiðamenn (Páll Helgason, 26. febrúar 2010). Að ræsa var meðal annars fólgið í því að hrópa hátt: ræs, síld – söltun hefst klukkan átta! (ÖK).

Saltkassi. Kassarnir voru notaðir til að mæla gróft salt og áttu að taka stærsta skammt, 34 kíló, sléttfullir (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 16).

Saltkar (sjá þækilkör). Þækillinn var lagaður þannig að saltinu var mokað upp í saltkassa, stóran trékassa, ofan á karinu og síðan var vatn látið streyma um saltið og þá rann það síðan niður sem þækill í karið.

Saltmál. Málmhólkur með handfangi (líkt og vatnsfata). Hólkurinn var tvöfaldur, hæð hins innri var stillanleg, þannig að málið innbyrti misjafnlega mikið af salti, eða eins og þurfti fyrir hverja söltun. Þannig var málið sléttfyllt af salti þannig að ekki þurfti að veða hvern skammt (ÖK). Samkvæmt leiðbeiningum frá Síldarmati Ríkisins átti ávalt að nota saltmál sem tók sléttfullt þann skammt sem nota átti í hverja tegund verkunnar. Vigtað var í hvert sinn sem skipt var um salttegund, því saltið var misþungt miðað við fyrirferð (sbr. leiðbeiningar frá Síldarmati Ríkisins. Pappírar í eigu Hannesar Baldvinssonar).

Saltmælir. Sjá þækilmælir.

Saltsíld. Söltuð síld (Íslensk orðabók, 2007: 820).

Saltskammtur. „Það sem til greina kemur, þegar saltskammturinn er ákveðinn er meðal annars: 1. Að síldin fullverkist á eðlilegum tíma. Saltskammturinn sé það ríflægur. (Léttsöltun). 2. Áformað saltstig á síldinni fullverkaðri, þ.e. óskir kaupenda, eftir því, sem um það hefur verið samið. 3. Hvernig síldin er, feit (sver, þykk) síld þarf meira salt en mögur síld, þótt magra síldin sé tiltölulega vatnsmeiri; rýr (grönn); tóm eða svilfull. Snemmveidd eða seinveidd. 4. Tunnustærð. (Leiðbeiningar frá Síldarmati Ríkisins. Pappírar í eigu Hannesar Baldvinssonar).

Saltskúffa. Allstór trékassi, 2 metrar á lengd, 1 og hálfur á breidd, opinn í annann endann. Tunnur fullar af salti voru losaðar í saltskúffuna eða hjólbörur voru notaðar til að flytja saltið í skúffuna. Þar var saltskammturinn mældur með saltmálum fyrir hverja tunnu (ÖK).

Silfur hafsins. Líkingarmál um síld, samanber gull Íslands, guðsgjöf. Orðalag sem notað var um síldina og lýsir mikilvægi hennar fyrir Íslenska þjóð (ÖK).

Sílagataranafu. Málvenja á heimili Ingveldar Róbertsdóttur (mágkonu ÖK): „Hvað er í matinn?“ var spurt. Ef það var síld var svarað: sílagataranafu.

Síld. Fiskur, lífvera með því nafni. Síld gat líka þýtt vinnan við síldina, sbr. að vera í síld (vera í síldarvinnu) og vera á síld (að veiða síld). Síld á 11 tungumálum samkvæmt orðabók Hafrannsóknarstofnunar:

íslenska: hafsíld, kópsíld

latína: Clupea harengus

norska: sild

danska: sild

þýzka: Hering

franska: hareng

enska: Atlantic herring, herring

færeyska: sild

spænska: arenque de Atlántico

portúgalska: arenque-do-Atlântico

rússneska: / Sel'd', / Atlanttsjeskij sel'd'

(Sótt 3. janúar 2012: <http://www.hafro.is/ordabok/?op=desc&word=s%EDId&wanted=1>)

Síld. „Eins og síld í tunnu!“ Var sagt þegar lýsa þurfti fjölmenni.

Síldarbassi. Sjá bassi.

Síldarbeinamynstur. Í fatnaði.

Síldarbrakki. Sjá brakki.

Síldarbryggja.

Síldarbræðsla. Verksmiðja þar sem síld er brædd, það að bræða síld í lýsi (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldardiskur. Matardiskur úr járni, oftast emeleraður, einstaka sinnum úr plasti. Var notaður til að strá salti yfir síldarlögin í tunnunni. Magnús Vagnsson var ekki hrifin af því að síldarstúlkurnar notuðu disk við matjessöltun og bannaði þeim það. Hann áleit að diskarnir væru ekki til að flýta fyrir, heldur þvert á móti. Hann taldi diskana líka skaðlega á margan hátt. Stúlkurnar mokuðu síld með diskunum úr stampinum í bjóðin og um leið blóði og óhreinindum, sem annars hefðu hripað úr síldinni, ef hún væri tekin með höndunum. Ekki þykir Magnúsi heppilegt að nota diskinn við söltun, hann segir að þannig fari saltið alltaf að einhverju leyti til spillis á planið. Með því að nota diskinn við söltun dreyfist saltið auk þess illa í lögin (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 53).

Síldareftirlitsmaður. Sama og síldarmatsmaður?

Síldareinkasala. Síldareinkasala ríkisins hafði einkarétt á sölu saltsíldar til útlanda.

Síldarflug. Flug til að leita síldar, síldarleit í flugvél (Íslensk orðabók, 1963).

Síldarfólk. Fólk sem vinnur í síld eða á síld.

Síldargalli. Hlífðarföt við síldarvinnu (Íslensk orðabók, 2007: 856). „Yfirleitt var notast við einhver léleg föt í söltun, fyrst og fremst gömul föt, sem ekki átti að nota annað, enda urðu þau varla nothæf til annars eftir að búið var að fara í þeim í síld (Benedikt Sigurðsson, 1990: 459).

Síldarganga. Ganga af síld, síldatrorfur á ferð um hafið, síld sem veður. Sbr. síldartorfa (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldargengd. Mikil síld í sjó, stórar síldargöngur (Íslensk orðabók, 2007: 856). Mikil, lítil síldargengd.

Síldarháfur. Síldarháfur var tvenns konar. Annars vegar háfur til að háfa síld með. Net á stórum hring sem hékk í bómu hvers nótaveiðiskips. Og einnig áhald líkt og skófla en í stað

skóflublaðsins var net hnýtt á járnramma. Þetta áhald var notað til að moka síld þegar landað var til söltunar (ÖK).

Síldarhnífur. Sjá kverkunarhnífur.

Síldarhringur. Sjá tunnuhringur (Benedikt Sigurðsson, 1990: 172).

Síldarhrota. Ft. Síldarhrotur. Þegar vel veiddist í tiltekinn tíma var talað um aflahrotu. Það gat verið löng eða stutt aflahrota. Vinnuhrota. (ÖK).

Síldariðnaður.

Síldarkassi. Langur (4-5 metra) trékassi á fótum var fylltur af síld og við hann stóðu síldarstúlkurnar og kverkuðu eða hausskáru síldina. Síldarkassinn átti að vera í venjulegri vinnuborðshæð (efri röndin), ekki breiðari en svo að meðal stúlka geti hæglega seilst yfir þá, og tekið síld niðri í botni við hliðina, sem frá snýr (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 14). Edvin Jakobsen, er talin hafa, fyrstur saltenda sett upp síldarkassa á söltunarstöð sinni, líklega 1913 (Benedikt Sigurðsson – Síldarsöltunarstöðvar á Siglufirði).

Síldarklára, ýta. Notuð til að moka og ýta síldinni að síldarstúlkunum (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 15). Notuð til að ýta síldinni til í síldarkössunum. Smíðuð úr tré, langt skaft með þverspítu á öðrum endanum. Á safninu er til síldarklára sem smíðuð er úr ár (ÖK).

Síldarclippur, klippur, kverktöng (kverkunartöng), skæri, kverkskæri eða kverkklippur. Síldarclippur voru notaðar við kverkun síldarinnar. Klippunum var smeygt undir tálknin á fiskinum, inn í kverkina, við hausinn á síldinni (viðtal við Hannes Baldvinsson 6. október 2009).

Síldarkóngur. 1 Síldarspekúlant, síldarútvegsmaður, sem mikið ber á. Sjaldgæft orð, líklega komið úr sænsku eða öðrum norðurlandamálum. 2 Síldakóngur – ættkvísk fiska af vogmeyjarætt. Síldarkóngur merkir einnig stór skrautleg síld, foringi í síldarvöðu. (sbr. Íslenzk orðabók, 1963).

Síldarleit. Leitað var skipulega að síldartorfum af skipum og flugvélum.

Síldarmat. Það að gæðameta síld sbr. matsmaður (Íslensk orðabók, 2007: 856). Síldarmat var lögleitt árið 1911 en var mjög ábótavant lengi vel (Benedikt Sigurðsson, 1989: 47).

Síldarmat ríkisins. Þann 11. Júní 1938 voru sett lög um síldarmat ríkisins. „Hlutverk þess var að annast útflutningsmat á matjessíld og skoskverkaðri síld. Önnur síld var því aðeins metin, að kaupendur óskuðu þess. Ella viðurkenndu – yfirtóku – kaupendur síldina áður en hún var flutt æt. Sá SÚN um það atriði.“ (Haraldur Gunnlaugsson. *Leiðbeiningar við síldarsöltun*, bls. 4).

Síldarmatsmaður. Sjá matsmaður.

Síldarmál. Mál, rúmmálseining síldar, 135 lítrar, ein og hálf tunna (Íslenzk orðabók, 1963).

Síldarlýsi. Fljótandi fita unnin úr síld.

Síldarmjöl. Mjöl unnið úr síld eftir að lýsið hefur verið brætt úr henni (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldarpils. Hlífðarfatnaður síldarstúlkna.

Síldarplan. Athafnarsvæði fyrir síldarsöltun (Íslensk orðabók, 2007: 856). Planið var ýmist smíðað úr timbri eða steinsteipt (ÖK).

Síldarsaltandi. Maður (eigandi fyrirtækis) sem lætur salta síld (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldarskurður. Síldarskurður er skáskurður á brauðsneiðum, þegar brauð er skorið á ská inn undir sig (eins og hausinn er skorinn af síld við söltun). „Þetta er nú hálfgerður síldarskurður hjá mér“ sagði Sigurbjörg Bjarnadóttir um brauðskurð sinn. Hún segist hafa lært þetta í foreldrahúsum 1955-1965 og telur móður sína hafa sagt: „óttalegur síldarskurður er þetta hjá þér á brauðinu, stelpa!“ Eða: „það er ekki hægt að láta þig skera brauðið stelpa, þú skerð það eins og síld!“ Heimildarmaður er Sigurbjörg Bjarnadóttir, mars 2011. Sigurbjörg er dóttir Fjólu Þorsteinsdóttur og Bjarna Þorsteinssonar planformanns og síðar síldarsaltanda og stundaði hún ung síldarsöltun á plani föður síns á Siglufirði.

Síldarstofnar. „Síldarstofnar eru ávallt kenndir við það svæði, sem þeir hrygna á, eða það land, sem er næst því svæði.“ (Haraldur Gunnlaugsson. *Leiðbeiningar við síldarsöltun*, bls. 5).

Síldarstöð. Miðstöð fyrir síldveiði (og síldarverkun), einkum tiltekins fyrirtækis (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldarsöltun. Það að salta síld (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldarsöltunarstöð. „Snemma í maí 1903 kom norskt skip til Siglufjarðar með efnivið í fyrstu síldarsöltunarstöðina.“ (Benedikt Sigurðsson, 1989: 22).

Síldarsvunta. Á allra fyrstu árum síldarsöltunar á Siglufirði voru stundum saumaðar strigasvuntur til að nota við söltun (Benedikt Sigurðsson, 1990: 459). Oft hafðar utanyfir síldarpilsin. Á síðari árum síldarsöltunar tíðkuðust heiðgular gúmmísvuntur. Hugsanlega gúmmíhúðaður segldúkur sem síðan var fernisborinn og þannig fengu svunturnar upphaflega þennan gula lit (ÖK).

Síldarstúlka. Stúlka sem vinnur í síld (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldarstampur. Í tunniverksmiðjunum á Siglufirði og Akureyri féllu til stafir sem vegna galla voru óhæfir í tunnur, en voru ágætir í stampa ef gallarnir voru sniðnir af. Botn stampanna var boraður með nokkrum götum til að gera þá hripleka (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 17).

Síldarskæri. Sjá síldarklippur.

Síldartími. Sá tími þegar síld veiðist helst (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldartorfa. Fjöldi sílda í einum hnapp (Íslensk orðabók, 1963).

Síldartunna. Sjá tunna.

Síldarútvegsnefnd. „Síldarútvegsnefnd (SÚN) var stofnuð með lögum 29. Des. 1934, tók til starfa árið eftir og hefur starfað síðan. Hún hefur m.a. með höndum skipulagningu síldarverkunar, sölu og markaðsleit.“ (Haraldur Guðlaugsson. *Leiðbeiningar við Síldarsöltun*, bls. 4).

Síldarútvegur.

Síldarvaða. Síld sem veður í þéttri torfu.

Síldarverksmiðja. Verksmiðja sem vinnur mjöl og lýsi úr síld, síldarbræðsla.

Síldarverkun. Það að verka síld, t.d. söltun (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldarvertíð.

Síldarvettlingar. „Heimasaumaðir síldarvettlingar voru eitthvað notaðir fram undir seinna stríð.“ (Benedikt Sigurðsson, 1990: 459). Vettlingarnir voru úr lérefti eða skinni. Skinnvettlingar úr eltiskinni vörðu hendurnar vel fyrir átu en vildu verða hálrir. Þó notuðu margar stúlkur þá til að verja hendur sínar. Gúmmívettlingar urðu ekki algengir fyrr en um eða eftir stríð og þóttu dýrir í fyrstu (Benedikt Sigurðsson, 1990: 459).

Síldarvinna. Vinna við síld, vinna í síld (landvinna), vinna á síld (síldveiði).

Síldveiði. Það að veiða síld (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldver. Staður sem síldveiði er stunduð frá. Í orðabókinni kemur fram að um úrelt orð sé að ræða (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Sjóslegin síld. Slegin síld í lestum skipa í brælum. Sleginn síldarfarmur. Skemmd síld, gölluð síld, roðnudduð síld. (Helztu atriði um tilhögun og starfsreglur við mat á síld til Rússlands, árið 1962. Pappírar í eigu Hannesar Baldvinssonar).

Skupla. Höfuðklútur, skýla (Íslensk orðabók, 2007: 907). Sjá skýluklútur.

Skýluklútur. Síldarstúlkurnar voru með marglita klúta bundna um höfðuðið við söltunina sem nefndir voru skýluklútar eða skuplur (sbr. Ingólfur Kristjánsson, 1988: 515).

Skrúfuflytjari, snigill. Fyrsta slorflutningstækið sem tekið var í notkun á söltunarstöð. „Eitt stærsta sporið til bættrar vinnuástöðu á söltunarstöðvunum var tilkoma búnaðar til að færa

síldarúrganginn frá kössunum. Gunnlaugur Guðjónsson á söltunarstöðinni Hafliða h.f. varð fyrstur til að taka slíkan búnað í notkun, í júní 1948. Var það skrúfuflytjari sem flutti úrganginn frá kössunum í steypa slorþró, en upp úr henni lá annar flytjari sem dró slorið upp á bílana er fluttu það í bræðslu. Þessi tæki reyndust ágætlega en voru alldýr, þurftu góða umhirðu og notuðu allmikið rafmagn. Sama sumar var tekinn í notkun á Siglufirði önnur tegund slorflytjara sem fékk nafnið slógrenna og var mun einfaldari og ódýrari og var á næstu árum tekin í notkun á flestum eða öllum söltunarstöðvum á landinu, að undanskildum Hafliða h.f., sem notaði að sjálfsögðu sinn búnað áfram (Benedikt Sigurðsson, 1990: 455). Sjá slógrenna.

Skæri. Sjá síldarklippur.

Slagband. Tunnugjörð úr járn, ýmist þykku flatjárn, t.d. svonefndu skeifnajárn, eða úr sívölu járn. Slagbandið var rekið niður á tunnur til að ná stöfum saman og halda þeim í skorðum meðan verið var að koma á þær venjulegum gjörðum. (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Slá til. Loka tunnu, setja botn í tunnu. Sjá tilsláttur. Slá til á norsku (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Slá upp. Að losa efri botn úr tunnu. Sjá uppsláttur. Slá op á norsku (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Sliski. Sjá tunnusliski.

Sliskja. Sjá tunnusliski.

Slor. Slím á fiski, innfyli úr fiski, slóg (Íslensk orðabók, 2007: 923).

Slóg. Innyfli úr fiski (Íslensk orðabók, 2007: 923).

Slógdraga. „Kverka og draga slógið innan úr fiski (einkum síld).“ (Íslensk orðabók, 2007: 923). Ekki var talað um að síld væri slægð heldur slógdregin. Ástæða þess er sú að slógið var dregið úr síldinni en hún var ekki skorin eftir endilöngu eins og t.d. þorskur og ýsa.

Slógdráttur. „Réttu takið við slógdrátt er: Þumalfingur vinstri handar styður á hægri hlið síldarinnar, aðeins kviðmegin við hrygginn og eins framarlega og hægt er, vegna skæranna. Hinir fingurnir halda svo á móti, eins framarlega og hægt er. Sé haldið rétt á síldinni og tekið mátulega djúpt og rétt með skærunum, má oft takast að ná öllu saman, kverk, tálkni og innýflum, með einu handbragði, og á alls ekki að þurfa fleiri en tvö.“ (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna. bls. 51). Hausskorin og slægð síld var einnig nefnd hreinsuð síld. „Slæging, hreinsun. Stuttir, beittir hnífar eru notaðir; best að hafa flatningshnífa með blýholki; oddurinn stytur og lagaður.“ (Magnús Vagnsson, bls. 112).

Slógrenna. Renna fyrir úrganginn sem kom þegar slógdregið var. Slógrennan var samsíða síldarkössunum, næst síldarstúlkunum. Þetta var tréstockur sem negldur var á söltunarkassana undir skurðarfjöl síldarstúlkanna. Sjó var dælt í stökkinn, sem hallaðist örlítið, og lagði

krafturinn frá dælunni og hallinn í rennunni til þann straum sem þurfti til að flytja úrganginn í þró eða á ákveðinn stað á bryggjunni. Þetta þótti mikil bylting – því áður þurftu síldarstúlkurnar að standa í slorinu, sem oft náði þeim upp fyrir mið læri. Höfundur þessarar einföldu uppfyndingar var Hjörtur Hjartarson kaupfélagsstjóri. Slógreunurnar komu til sögunnar á Siglufirði 1948 og voru fljótlega teknar í notkun á flestum eða öllum söltunarstöðvum landsins. Árið 1966, átján árum eftir að Hjörtur setti upp fyrstu rennuna, fékk hann bréf frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi með 30 þúsund króna heiðursgjöf fyrir hugkvæmni sem hafði sparað síldarútveginum mikið fé (Benedikt Sigurðsson, 1990: 455-457). Björn Þórðarson vill eigna sér þessa nýjung og segir að Hjörtur hafi ekki verið annað en áhorfandi.

Slógskúffa. Stór járnskúffa sem sett var á vörubílspall til að flytja slóg og úrgang frá söltunarstöðvum til síldarverksmiðjanna (ÖK).

Slyttulin síld.

Snarvöndull. Meðal áhalda sem dixilmenn notuðu. Notað til að herða saman stafina í tunnunum. Snærislykkja sem snúið var upp á þannig að stafirnir þéttust saman og hægt var að setja gjarðirnar á þær tunnur sem höfðu fallið í stafi.

Snella. Sama og snigill í járnhólki eða járnstokk eða skúfuflytjari. Sjá skúfuflytjari.

Snigill. „Öxull með blaði (blöðum) sem vefst eins og gormur utan um hann, til að flytja t.d. mjöl í verksmiðju með því að snúast.“ (Íslensk orðabók, 2007: 936). Sjá skúfuflytjari.

Sortera, sortering. Þegar þurfti, eða kaupandi gerði kröfu um, að allar tunnur í tilteknu partíu yrðu opnaðar og innihaldið sorterað t.d. eftir stærð, síld með einhverjum skemmdum t.d. á kvið eða þráa fjarlægðar. Tiltekið magn vigtað í hverja tunnu að nýju. Þetta var erfitt verk og óþrifalegt og oft unnið að hausti í misjöfnum veðrum og ekki aðstæður til að vinna innanhúss. Hannes segir yfirleitt unnið innanhúss. Algengt var að sturtað væri úr tunnunum í stórt kar. Gætt var að því að varðveita þækilinn. Síldinni var mokað upp á borð þar sem sorteringin fór fram. Síðan var lagt niður, þækli bætt á og tunna slegin til. Þessi vinna var fyrst og fremst, nær einvörðungu, vegna Sovétmarkaðarins (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, 2011).

Spegillag. Spegill – að spegla síld – spegilsíld. Að leggja síldina þannig niður í efsta lag að hryggurinn snúi upp. Sjá botnlag (Magnús Vagnsson, bls 66).

Spinnþækill – var það kallað þegar þækillinn varð eins og gúmmí. Það myndaðist gerjun í tunnunum þannig að þækillinn varð hlaupkenndur (Sturlaugur Kristjánsson 17. nóvember 2009). Þegar mikill spinnþækill var í tunnunum var erfitt að losa úr þeim. Innihald tunnunnar varð eins og einn klumpur. Þetta var m.a. vandamál með sykursíld (Hannes Baldvinsson). Kom einnig í kryddsíld og saltsíld (Björgvin Jónsson 2010).

Spons. Trétappi í tunnur eða annað tréflát.

Sponsa. Setja spons eða tappa í sponsgat (Íslensk orðabók, 2007: 956). Einnig notað þegar gert var við tunnur. Slæmur kvistur sleginn úr staf og tilskorinn spons settur í staðinn. Líklega úr máli beykja og ekki bundið síldarverkun sérstaklega.

Sponsgat. Svonefnt sponsgat var borað á miðjan belg á trétunnum og hafður í því trétappi (spons) sem stóð dálítið út þannig að slá mátti hann úr þegar tunnan var pækluð. Gjarðasamskeyti áttu helst að vera á sama staf og sponsgatið. Í skipslest var sponsinn jafnan látinn snúa upp, og stóðu þá tré í báðum botnum lóðrétt ef rétt var unnið (Benedikt Sigurðsson. Samtíningur um tunnusmíði á Íslandi). „Ávalt ætti að bora sponsgötin á tunnurnar áður en saltað er í þær. Það er fljótlegra og léttara og verður betur gjört en á fullum tunnum. Losna menn þá við að skemma síld við borunina, sem oftast skeður á fullum tunnum, þegar borinn, sem er of langur, skreppur ofan í síldina.“ (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvegunarmanna, bls. 23).

Sponsarýmari. Meðal áhalda sem dixilmenn notuðu. Þetta orð og fleiri eru úr fagmáli beykja og ekki bundin síldarverkun sérstaklega. Ef til vill notað til þess að stækka götin í tunnunum, tapparnir voru ekki allir að nákvæmlega sömu stærð.

Sporvagn. Sporvagnar voru með tvenns konar hætti, fyrst voru þeir flatir, og var þá körfum og stömpum raðað á þá. Síðar þróuðust þessir vagnar þannig að smíðaðir voru á þá stórir kassar með hallandi botni og lokum á hlið. Þegar losað var um lokurnar rann síldin niður í síldarkassann (ÖK). Vagnar sem ekið var eftir járnbrautarteinum á bryggjunum. Teinarnir lágu frá síldarkössunum fram á bryggjuenda að skipshlið (Ingólfur Kristjánsson, 1988: 515). „Bezt er þar, sem landað er á sporvögnum, og sömu ílátunum sem mokað er í um borð, er ekið upp og hvolft beint í síldarkassana, þar sem síldin á að liggja óhreyfð þar til stúlkurnar taka hana.“ (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvegunarmanna, bls. 14).

Stafahefill. Meðal áhalda sem dixilmenn notuðu. Þetta orð og fleiri eru úr fagmáli beykja og ekki bundin síldarverkun sérstaklega. Venjulegur langhefill, á tveimur fótum, notaður til þess að hefла stafina. Það var hafður flái á hverjum staf til þess að það væri auðveldara að þétta bilið á milli stafanna.

Stafamál. 1 Sama og stafamáti sem notaður var til að mæla halla á stafbrún (kanti) sem svo réði vídd tunnunnar (ÖK). Meðal áhalda sem dixilmenn notuðu. Þetta orð og fleiri eru úr fagmáli beykja og ekki bundin síldarverkun sérstaklega. 2 Venjulegur stafur sem var settur ofan í tunnuna til þess að mæla belgvíddina (Hannes Baldvinsson 2012).

Stafamáti. Sjá stafamál.

Stafsetja. Að setja nýjan staf í tunnu í staðinn fyrir brotinn eða lekan staf. Nafnorðið stafsetning var notað um verkið. Sæmilegur dixilmaður átti að vera fær um að stafsetja bæði tóma og fulla tunnu (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Stafsetning. Sjá stafsetja.

Stampur. „Kringlóttur (tré)balli (t.d. helmingur tunnu sem hefur verið söguð sundur um þvert)“ (Íslensk orðabók, 2007: 966). Stampur jafngilti hálfri tunnu. Áður en bjóðin komu til sögunnar var síldin kverkuð í stamp og síðan raðað í tunnu. Stampar voru einnig notaðir til flutnings á síld, frá skipi að síldarkassa.

Stála. Að stála. Á plönunum var gjarnan starfsmaður sem stálaði fyrir stúlkurnar meðan saltað var og brýndi hnífa þeirra jafnvel á milli tarna (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, 2011). Þessir menn voru kallaðir brýnslumenn, þeir gengu á milli síldarstúlkna en voru ekki eingöngu í þessu (Hannes Baldvinsson, 2012).

Stilla upp. Að „stilla upp á planinu“ merkti það að undirbúa söltun. „Áður en söltun byrjar í hvert skipti, og áður en kvenfólkið tekur sér stöður við kassana, er söltunaráhöldum, kibbum, stömpum, bjóðum, saltkössum og tunnum raðað í vissar stellingar og með jöfnu millibili við kassana.“ (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 39).

Strokkur, strokktunna. Máltunna, heiltunna. Norrænt orð, sbr. rjómastrokkur, smjörstrokkur. Sennilega komið inn í mál síldarfólks úr norsku. Notað bæði í norsku (strok, flt. strokker) og íslensku á fyrstu áratugum aldarinnar sem mælieining í merkingunni uppmæld tunna. Merkingin virðist þó hafa verið dálítið á reiki. Stundum var íslenska orðið látið merkja sama og lítil tunna, t.d. háltunna eða kútur (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Stúa. Hlaða í skipslest. Stuve á norsku; t.d. að hlaða upp tunnum,. Orðmyndin að stúfa var líka til (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). Einnig notað á stöðvunum þegar stúað var ýmist í tvær hæðir eða þrjár hæðir á lager. Þegar stúað var í þrjár hæðir voru oft þrír menn um verkið; einn á miðju (eða bumbu) (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, 2011).

Stúari. Maður sem vinnur að hleðslu skipa. Stuver á norsku (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). „Mestu annatímar stúaranna voru vor- og sumarmánuðirnir þegar söltunarvörur og kol til síldarverksmiðjanna bárust og haustmánuðirnir þegar framleiðslu sumarsins var skipað út.“ (Benedikt Sigurðsson, 1990: 221). Losunar- og lestunar félag Siglufjarðar var stundum nefnt stúarafélagið. Menn úr stúarafélaginu voru eftirsóttir á plönin til að stúa á lager. Bæði voru þeir hamhleypur til verka og framúrskarandi lagnir og unnu sér létt (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, 2011).

Stúkrókar, stúkrókar; stuvkroker á norsku. Sjá lyftikrókar (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Stúun. Að stúa, raða tunnum, t.d. í skipslest.

Svigaband. Svigi, tunnugjörð. Trégjörð á tunnu, sjá svigagjörð. Tunna með trégjörð var kölluð svigabanda-tunna eða svigabent tunna.

Svigadrífholt. Sjá drífholt.

Svigagjörð. Ýmsar aðferðir voru notaðar við lokun svigagjarða. Búnar til sýlingar, áþekkar agnhaldi á öngli, nálæg svigaendunum, og þeim krækt saman. Stundum var sviginn þynntur og mjókkaður til endanna, þeim síðan smeygt undir vafningana og hert að með því að reka gjörðina. Tunnusvigi var innfluttur, efnið seigar viðartegundir, víðir eða selja. (Benedikt Sigurðsson. Samtíningur um tunnusmíði á Íslandi). Sjá einnig tunnugjörð.

Svæshefill – að svæsa. Ein af mörgum tegundum af heflum sem voru notaðir við tunnusmíðina

Söltunarborð. Sama og bjóð. Þegar bjóðin verða sjálfstæð, eru ekki lengur færanlegir kassar til að setja ofan á tunnu eða kybbi þá var talað um borð en ekki bjóð. „Borðin eru stöðugri en bjóðin og hafa líkað betur, þar sem þau hafa verið notuð, sérstaklega við Matjessöltun. Borðin eru á föstum fótum, heldur stærri ummáls en venjuleg bjóð. Umhverfis rönd borðsins eru negldar fjalir, sem mynda ca 15-20 cm. Djúpt trog með lóðréttum hliðum. Í öðrum enda trogsins er haft hólf fyrir saltið. Efri rönd borðsins á að vera í vinnuborðshæð.“ (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 16-17).

Sykursíld. Síld söltuð í blöndu af sykri og salti. Hlutföll ákveðin af kaupanda (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, 2011).

Syurmál. Málmkanna með haldi (líkt og drykkjarmál) notuð til að mæla sykurskammt fyrir saltblönduna, þegar sykursaltað var (ÖK).

(**Talning.** Þegar talið var upp úr tunnu af verkaðri síld t.d. við úttekt/mat var notuð sérstök aðferð. Eitt „kast“ var fjórar síldar. Í tíunda hverju kasti var lögð til hliðar ein síld sem merkti að það var búið að telja 40 síldar upp úr tunnunni. Þannig voru köstin talin (Hannes Baldvinsson 2012).)

Tágakörfur. Sjá karfa.

Tilsláttardixill. Sjá dixill.

Tilsláttarmaður. Sjá dixilmaður.

Tilstláttur. Að slá til, loka tunnum með því að setja í þær botna. Gjörðin var slegin af efri enda tunnunnar, botninum smeygt í löggina og endagjörðin síðan rekin aftur á tunnuna (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Tralli. Vélknúinn, þríhjóla tunnu- og saltkassavagn ekki óalgengir á plönnum um og eftir 1960 (ÖK).

Tréklossar. Klossar voru fótabúnaður bæði karla og kvenna áður en gúmmístígvél komu til sögunnar (Ingólfur Kristjánsson, 1988: 515).

Tunna. „Sívalt ílát (oftast með botn í báðum endum), oft víðast um miðjuna...“ Íslensk orðabók, 2007: 1075). Mælieining á magn síldar, 100 lítrar, talin taka 100 kg af síld. Þyngdareining, 100 kílógrömm (Íslensk orðabók, 2007:1075).

Tunnubotn – botn, tunnulok. Venjulega var talað um tvo botna í síldartunnu, efrubotn og neðri-botn. Einstaka maður talaði þó um tunnubotn og tunnulok (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). Samkvæmt Íslenskri orðabók er tunnubotn: „hringlaga botnstykki á tunnu (báðum endum).“ (2007: 1075). Í eldra máli er líklegt að botninn hafi verið einn: sbr. „Ekki er kyn þótt keraldíð leki, botninn er suður í Borgarfirði“ – sögðu Bakkabræður þegar þeir jusu vatni í keraldíð en það lak öllu (ÖK). Botnar voru oftast úr þrem stykkjum, alloft úr fjórum, sjaldan úr tveim, en fimm stykkja botn þóttu vart boðlegir. Botnaefni fundust í ýmsum lengdum, stundum í allt að 4-5 metra löngum borðum, stundum í staflengd (Benedikt Sigurðsson. Samtíningur um tunnusmíði á Íslandi).

Tunnubeisli. Sama og tunnujárn.

Tunnudragari, tunnubeisli. Áhald til að draga tunnur með. Eitthvað notað á fyrstu áratugum aldarinnar en var heldur þungt í meðförum og hefur líklega vikið fyrir tunnustingjum. A.m.k. tvær gerðir eru þekktar af þessu áhaldi (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Ath. Getur verið að þetta sem hér er lýst á eftir sé inn eiginlegi tunnudragari:

Þegar búið var að kverka og salta í tunnuna, þá var eikarstaf úr lýsistunnu smeygt undir tunnuna. Í stafinn hafði verið borað gat og í það fest kaðalspotta. „Verkamaður brá kaðlinum um öxl sér og annar hélt við tunnuna, svo dró sá fyrrnefndi, en hinn ýtti á eftir og studdi við tunnuna. Þannig var full síldartunna flutt frá verkaranum og á geymslustað, þar sem hún beið tilsláttar.“ (Ingólfur Kristjánsson, 1988: 514).

Eða vantar nafn á þetta áhald, stafinn og kaðalinn, sem notað var með fyrrgreindum hætti. Spurning hvort tunnujárn, tunnubeisli og tunnudragari sé allt sami hluturinn?

(Valgeir Sigurðsson: Jón Þorláksson langafi Valgeirs, faðir Margrétar Jónsdóttur frá Siglunesi var sá sem fann upp tunnudraga (Ath langafi Valgeirs). Valgeir bendir á að tala við Sirry í Glaumbæ).

Tunnugjörð, endagjörð, búkgjörð. Á tunnnum síðari tíma voru fjórar gjarðir. Tvær endagjarðir og tvær búkgjarðir (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, 2011).

Tunnuhaki. Notaðir við lyftingu á fullum tunnnum, til dæmis við útskipun eða lyftingu upp á kranabíla. Hakarnir voru úr þykku flatstáli, t.d. bílfjöðrum. Á öðrum enda hvers haka var beygja en allstórt gat í gegnum hinn endann. Tvo haka þurfti á hverja tunnu. Í gegnum tvo króka sem sneru beygjunum hvor á móti öðrum, var dregin stálkeðja og endar hennar læstir saman. Krókunum (hökunum) var krækt í báðar laggir á tunnunni sem lyfta átti. Keðjunni var síðan krækt á krók lyftitækisins og herti hún þá grip hakanna inn í laggirnar. (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Tunnuhringur. „Hringar. Áður en þeir komu til sögunnar var venja að salta eins stóran kúf ofan á hverja tunnu og toldi á henni. Kúfasíldin hrundi meira og minna af, og auk þess spiltist kúfurinn af völdum sólar og stundum regns.“ Þetta var verslunarvenja; uppsöltuð og kúfsöltuð tunna seld samkvæmt fjölda laga í hring og taxti síldarkvenna miðaður við það sama. Það þótti framför frá kúfunum þegar hringarnir komu (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvegunarmanna, bls. 59-61). Á meðan kúfsaltað var, var sett striga dula ofan á kúfina til að halda honum fram að tilslætti (sjá kúfsöltun). Þrátt fyrir að þetta væri mikið framfaraspor í atvinnugreininni var tunnuhringurinn deiluefni á milli saltenda og verkafólks fyrstu tvö til þrjú árin. Sjómenn sem seldu síldina „uppsaltaða“ töldu að með hringanotkuninni tækju saltendur til sín meiri síld en um væri samið. Söltunarstúlkurnar báru fyrir sams konar rökum þegar þær fóru fram á kauphækkun. Það var Carl O. Thulinus síldarsaltandi á Akureyri og í Hrísey sem fann upp tunnuhringina, líklega um 1933. Aldarþriðjungi síðar fékk hann bréf frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi ásamt 30 þúsund króna heiðursgjöf fyrir hugkvæmni sem hafi sparað síldarútveginum mikið fé (Benedikt Sigurðsson, 1990: 455-457).

Tunnuklemma. Tunnuklemman var hönnuð af Jóni Þorlákssyni. Upphaflega notuð til að draga olíutunnu til að létta undir með bændum en seinna notað til að flytja síldartunnur (Valgeir Sigurðsson). Líklega sama og tunnujárn.

Tunnujárn. Er þetta ekki það sama og tunnudragari, tunnuklemma og tunnubeisli? „Það þótti mikil framför, þegar tunnujárnin komu til sögunnar. Tunnujárn þessi eru nokkurs konar gafflar með járngrípum, er smella að botnum tunnunnar. Gripin leika á ási og snúast með tunnunni, þegar togað er í skaft gaffalsins. Með þessu tæki dró verkamaðurinn hina tilslegnu tunnu á eftir sér frá dixilmanninum til geymslustaðar. Tunnujárnin voru talin spor í tækniátt, en þau voru leiðinleg og þung og oft erfitt að smeygja þeim á tunnuna. Og þetta var áður en tunnustingir þekktust. Þeir voru miklum mun handhægari og léttara að velta tunnum með þeim.“ (Ingólfur Kristjánsson, 1988, bls. 514).

Tunnumerki, söltunarmerki. Lítil plata úr málmni eða öðru efni, líkist oft mynt. Yfirleitt merkt því fyrirtæki sem gaf það út. Tunnumerki giltu sem ávísun á opinberan gjaldmiðil, fyrir vinnu í þágu fyrirtækisins, í þessu tilfalli fyrir söltun og niðurlögn á síld í tunnu. Orðin tunnumerki eða söltunarmerki finnast ekki í Orðabók Háskóla Íslands. Tunnumerki voru notuð á Íslandi á árunum 1920-1990, en ekki er útilokað að notkun þeirra hafi átt sér stað fyrr (Freyr Jóhannsson. Tunnumerki á Íslandi).

Tunnurissa. Áhald til að rispa með merki á tunnur sem matsmenn völdu til skoðunar (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). Skurðarjárn á tréhúni til að merkja tunnur, skorið var í tunnuna með flugbeittri egg sem var á bugðu hnífsins. Skurðarjárn (nokkurs konar hnífur). (ÖK).

Tunnuhliski. Sliski, sliskja. Annarsvegar sliskar sem tunnum var velt á við þæklun. Tvær gerðir, mismilangar, voru notaðar, eftir því hvort verið var að velta tunnum í öðru eða þriðja lagi. Var þá oftast talað um langan eða stuttan tunnuhliska eða um undirveltusliska og yfirveltusliska. Hins

vegar voru tunnusliskar sem notaðir voru við að velta tunnum, t.d. upp á bílpalla. Þeir voru nokkrir metrar á lengd og a.m.k. á öðrum endanum stálkrókar sem krækja mátti á brúnir bílpalla (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Tunnusmiður. Sjá beykir.

Tunnustafur. „Tilsniðin spýta í eða ætluð í tunnu (sveigð og breiðust um miðjuna)“ (Íslensk orðabók, 2007: 1075). Stafir í tunnu voru rúmlega tuttugu alls.

Tunnustingur. Verkfæri til að nota við tunnuvelting. Á neðri endanum er oddur til að ýta tunnunni með og út úr honum krókur sem krækja mátti í laggirnar á tunnunni til að snúa henni eða stýra veltingnum. Fleiri nöfn munu hafa þekkt á þessu áhaldi, t.d. tunnustjaki, og jafnvel tunnuhaki (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). „Tunnustingir eru víðast hvar til, enda er mönnum ekki bjóðandi að velta með höndunum, fyrst að verkfæri er til, sem léttir vinnuna.“ (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 19).

Tunnustæða. Tunnunum var raðað upp í miklar tunnustæður. Þær voru lagðar „hálf í hálf“ yfir hverja aðra. Þannig sköruðust tunnurnar og stæðan náði þeirri innri bindingu að hægt var að raða þeim upp í mikla hæð. T.d. í 15 tunnuhæðir, sjö til átta metra háa stæðu.

Tunnusvigi. „Sveigur, (hringbeygður) tréspoti utan um tunnu (eins og gjörð)“ (Íslensk orðabók, 2007: 1075). Sjá svigagjörð.

Tunnustjaki. Sjá tunnustingur.

Tunnutrilla, tunnutrillur. Einskonar járngrind á tveim hjólum til að flytja fullar tunnur, fyrst og fremst frá söltunarkössunum, á geymslustæðið þar sem tunnurnar voru látnar bíða opnar í nokkra klukkutíma meðan síldin seig nægilega mikið til þess að hægt væri að koma botninum í (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). Á Siglufirði var orðið mjög oft notað í fleirtölu, sbr. orðið hjólbörur (ÖK).

Tunnuvagn. Vagn til að flytja tómar tunnur til síldarstúlkanna. Tveggja hjóla með allstórum palli. Fætur að aftan og kjálkar sem maðurinn hélt um og ýtti vagninum, hlöðnum tunnum, 4-6, á undan sér.

Tunnuvinda. Áhald til að þrýsta tunnubelg saman. Tréstykki með kaðli. Smíðað úr eik. Ás gekk í gegnum bogið stykki, á öðrum enda ássins var sveif. Um ásin er fest kaðallykkja, lykkjunni brugðið utan um tunnu og sveifinni snúið með þeim afleiðingum að kaðallinn herðist að tunnunni sem auðveldaði beykinum að renna gjörð upp á belginn (ÖK).

Tunnupvinga sjá tunnuvinda (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). Ath. á Siglufirði var sagt hann þvingi – þá kannski tunnupvingi?

Tvísett lag. Síldunum er raðað á víxl, tvær fyrstu síldarnar eru lagðar þétt að stöfunum og þær settar sitt á hvað þannig að gottraufarnar standist á. Síðan er raðað áfram, allar síldirnar eru með

hausana þétt út að stöfum og þétt við hlið hverrar annarrar. Ekki skal leggja þær þannig niður að sporðar þeirra eða hausar liggji ofan á öðrum síldum. Alla óflokkaða Norðurlandshafsíld átti að tvísetja og líka stærsta flokk, ef til kom, einnig stórfallandi 32-35 cm (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 54-56).

Uppmæling, uppmæld síld. Síld sem var skipað upp úr veiðiskipi í málum var mæld upp úr skipinu. Opfalt, opmalet á norsku og dönsku. (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Uppsaltað, uppsöltun. Úr norsku, oppsaltet. Notað til skilgreiningar á því magni sem saltaðist úr tilteknu magni hrásíldar. Dæmi: Úr 1000 uppmældum tunnnum fengust 600 uppsaltaðar tunnur. Uppsöltuð tunna = kúfsöltuð tunna (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Uppsláttur. Að opna tunnur með því að taka úr þeim annan botninn. Botngjörðin var slegin af og botninn síðan losaður (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Uppsláttardixill. Sjá dixill.

Vatna tunnur, vötnun. Eftir að tunnur höfðu verið slegnar upp voru þær vatnaðar. Oft settar í tvær hæðir. Vötnunin var unglíngavinna. Tilgangurinn var sá að þetta tunnurnar og finna lekar/laskaðar tunnur áður en saltað var í þær. Þetta var mjög mikilvæg aðgerð (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, 2011).

Veltibjód eða veltiborð. Málmskúffa á hjörum í bogamynduðu formi. Undir henni er grind, nokkurs konar fætur. Auðvelt var fyrir síldarstúlkurnar að sturta síldinni úr skúffunum í kryddbjóðin. Þegar búið var að hausskera var síldin látin falla ofan í skúffuna, þegar hún var orðin hæfilega full var skúffunni velt, þannig að síldin rann ofan í bjód sem stóð á grindinni. Þetta var gert til að draga úr hnjaski á síldinni sem hún annars varð fyrir þegar henni var mokað með disk upp úr stömpunum. Á tímabili var ráðlagt að nota skúffurnar í stað stampa eða stóru bjóðanna (sbr. Leó Jónsson). Þessi veltibjód urðu aldrei algeng. Á Siglufirði tíðkuðust veltibjód ekki á nema einni eða tveimur söltunarstöðvum (ÖK).

Veltikrókur, snúningskrókur, stúkrókur. Stálkrókar sérstaklega ætlaðir til að krækja á tunnulaggir og nota við að velta og hagræða fullum síldartunnum (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Veltisliski, veltusliski, yfirveltusliski, sjá tunnusliski (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Veltiskúffa. Sjá veltibjód.

Verkari. Fólk sem „verkaði“ síldina, t.d. síldarstúlkur eða aðrir sem söltuðu síldina í tunnur. Sbr. merkingu norska orðsins tilverke, eða íslenska sagnorðsins að verka, t.d. fisk; búa til vöru úr hráefni, sbr. fiskverkun. Verker, flt. verkere á norsku (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Verkun. Síldin verkast á svo og svo löngum tíma, misjafnt eftir tegundum, og verður að lokum fullverkup. Á námskeiðum Síldarmatsins var sérstaklega kennt hvernig ætti að þekkja fullverkaða síld; þar kom til litur bragð, hljóð/heyirn (hvernig brakaði í hryggnum þegar hann var losaður), ástand (litur, þykkt) á þekli o.s.frv. (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, 2011).

Vöðlun. Að vöðla síld upp úr salti. Það átti að vöðla þannig að hver síld væri þakin í salti, en til þess þurfti að vera hæfilega mikið í bjóðunum (Leó Jónsson). „Bezt er að salta jafnóðum með blóðsaltinu, en vöðla úr þurru salti.“ (sbr. Leiðbeiningar frá Síldarmati Ríkisins. Pappírar í eigu Hannesar Baldvinssonar).

Yfibreiddslur 1. Yfibreiddslur úr segldúkum sem saumaðir voru saman (ÖK). Segldúkarnir voru með kósum til að hægt væri að stengja dúkinn yfir tunnurnar. Segldúkurinn var notaður á þennan hátt þegar búið var að salta í tunnurnar og fylla þær en áður en tunnurnar voru slegnar til og þeim lokað. Þetta var gert til varnar óhreinindum á meðan það var látið síga í tunnunum. En ekki síður til varnar fuglum og veðrum.

Yfibreiddslur 2. Margar tegundir af yfibreiddslum tíðkuðust til að verja bæði opnar tunnur sem biðu eftir tilslætti en ekki síður til að verja lagerinn í sumarhitum og sterkri sól. Hér verður lýst yfibreiddslum sem gengdu því hlutverki að verja lagerinn þegar búið var að stúa. Eitt af því sem aðkomufólk tók eftir á Siglufirði og ræddi um voru mjög stórar yfibreiddslur úr hessían striga. Sér í lagi voru það strigahjallarnir sem vöktu athygli aðkomumanna, en þeir voru mikil mannvirki, grindur úr tré og vír sem strengdur var utan um og hélt striganum á sínum stað yfir tunnustæðunum. Uppistöður voru gjarnan hjallaefni, svokallaðar spýrur og gátu staðið árum saman ef ekkert óvænt og óviðráðanlegt kom fyrir. En það þurfti að hafa eftirlit með strigahjöllunum í stormi og óveðri. Þessi mannvirki má sjá á mörgum ljósmyndum (Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, 2011).

Yfirtaka. Að meta og taka við síld sem fullgildri vöru til útflutnings (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Yfirtökumaður. Menn sem mátu og tóku við síld til útflutnings, „yfirtóku“ síldina (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Yfirvelta. Að velta tunnum í öðru og þriðja lagi við þæklun. Sumir nota það þó eingöngu um veltu efsta (þriðja) lags (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Yfirveltusliski. Sjá tunnusliski.

Yfirveltukrókar. Sjá veltikrókar.

Prísett lag. Þegar síldin var smá, t.d. 29-32 cm og smáfallandi 32-35 cm þurfti að þrísætja lagið, því annars mynduðust lægðir í miðjum lögunum þar sem sporðarnir koma saman. Hausarnir áttu alltaf að liggja fast út að stöfum. Í þrísættu lagi var byrjað með tvær eins og í tvísættu, en þær

lagðar ennþá meira á misvíxl. Svo var þriðja síldin lögð í miðju, fast upp að hinum, með sporð og haus jafnlangt frá stöfum (Magnús Vagnsson. Handbók síldarvekunarmanna, bls. 56).